

Fundargerð háskólaráðs 22. febrúar 2017

Guðmundarstofa kl. 15.00

Málsnúmer: 1401008

Mætt: Vilhjálmur Egilsson rektor, Sigrún Jónsdóttir framkvæmdastjóri kennslu og þjónustu, Finnbjörn Börkur Ólafsson fulltrúi starfsmanna, Einar Svansson fulltrúi kennara, Auður H. Ingólfssdóttir fulltrúi kennara, Unnar Steinn Bjarndal fulltrúi kennara (Skype), Andri Már Ágústsson fulltrúi grunnema (Skype), Hróðný Kristjánsdóttir fulltrúi meistaranema og Berglind Sunna Bragadóttir fulltrúi grunnema.

Fjarverandi: Svandís Elísa Margrét Leósdóttir fulltrúi háskólagáttar, Haraldur Líndal Haraldsson fulltrúi grunnema og Anna Elísabet Ólafsdóttir staðgengill rektors.

Áheyrnarfulltrúar: Hafsteinn Sæmundsson fjármálastjóri Ólafur Ísleifsson gæðastjóri og Íris Gunnarsdóttir áheyrnafulltrúi íbúaráðs.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar

Samþykkt.

2. Markaðsaðgerðir vegna haustannar 2017

Rektor kynnir að háskóladagurinn er 4. mars nk., svipaðar áherslur verða og var fyrir vorönnina, samfélagsmiðlar verða notaðir svipað og í haust. Opni dagur skólans verður 29. apríl nk. Í vor verður farið heimsóknir í framhaldsskóla og skólar koma hingað í heimsókn. Áherslan fyrst og fremst á námið, en einnig á staðinn eins og verið hefur. Nýjar námslínur á meistarastigi verða kynntar sérstaklega.

3. Staða fjármála

Fjármálastjóri kynnir drög að uppgjöri fyrir árið 2016. Gæti orðið um 27 millj. kr. tap á árinu, stór hluti er vegna símenntunar. Ekki alveg ljóst núna í hvaða tölu niðurfærslur enda. Í uppgjörum deilda má sjá nánar hvernig tekjur og gjöld skiptast, en það á eftir að fara betur yfir uppgjörin. Miðað við árið 2016, er ljóst að viðskiptadeildin skilar mestu til reksturs skólans. Háskólagáttin skilar líka töluverðu til rekstursins.

4. Eignasala

Fjármálastjóri segir frá samskiptum við Íbúðalánasjóð, auglýsing verður birt fyrri hluta marsmánaðar um sölu eigna á svæðinu. Capacent hefur komið að gerð sölubókar. Í næstu viku verður farið yfir verðmatið. Getur orðið valkvætt hvað verði selt.

5. Gæðamál

Gæðastjóri kynnir að reglur um endurskoðun námsbrauta og hvernig standa skuli að verki þegar settar eru upp nýjar námsbrautir. Styttist í að frá þessu verði gengið.

Gæðaráð er að undirbúa aðra lotu í úttekt á íslenskum skólum, lotan verður sennilega 8 ár. Nauðsynlegt er að þegar kemur næst að úttekt á skólanum í heild verði hægt að leggja fram úttekt á öllum deildum skólans, undir þessum formerkjum, þ.e. á 3ja ára fresti verði hver deild tekin út innan skólans. Gert er ráð fyrir að viðskiptadeildin verði fyrst í röðinni. Handbók gæðaráðsins verður kynnt 14. mars á fundi í HÍ, gæðastjóri sendir fundarboð til háskólaráðs.

Stefnt er að því að gera meira úr árlegum fundum gæðaráðs með skóla. Á fundi skólans með gæðaráði í lok maí má gera ráð fyrir að m.a. verði gerð grein fyrir nýrri reglugerð skólans, regluverki um endurskoðuna á námsbrautum, tölfræði, fjármálum skólans og fleiri. Skólinn þarf að skila skýrslu fyrir fundinn, sem þarf að skila fyrir 1. maí.

Gæðaráðið mun ætla í framtíðinni að meta rannsóknarumhverfi sem skólinn býr starfsfólki sínu, ekki einstakar greinar sem verði skoðað heldur kerfið sem skólinn hefur varðandi rannsóknir.

Gæðaráð hefur ákveðið að fella efsta stigið út úr einkunnaskala sínum.

6. Dagskrá skólaársins 2017 - 2018

Framkvæmdastóri kennslu og þjónustu gerir grein fyrir drögum að dagskrá skólaársins 2017 – 2018. Upphaf kennslu á haustönn verði 21. ágúst, en móttaka nýnema 17., 18. og 19. ágúst. Síðasti námsmatsdagur fyrir jól verði 15. desember. Á árinu 2018 hefst kennsla 8. janúar, sumarönn lýkur 29. júní. Dagskráin verður birt fyrir mánaðarmót eins og reglur skólans segja til um.

7. Starfsfólk - breytingar

Rektor kynnir breytingar meðal starfsfólks, tveir deildarforsetar og einn kennari urðu aðstoðarmenn ráðherra í janúar og hafa hætt störfum við skólann. Búið er að fá staðgengla fyrir deildarforsetana úr hópi kennara við skólann, þar til í ágúst þegar deildarforsetarnir tveir sem eru í leyfi koma til starfa á ný. Á kennsluviði eru tveir að hætta, einn á fjármálasviði. Auglýst hefur verið eftir þjónustustjóra og innheimtufulltrúa. Tveir kennarar hætta á árinu.

8. Frampróun á Bifröst

Rektor fjallar um framtíð skólans m.a. í ljósi ferðar sem hann fór til London í janúar sl. á BETT tölvu- og hugbúnaðarsýningu á helstu tækninýjungum í kennslu. Í hinu breytta umhverfi rafrænna samskipta er ljóst að kennsluhættir eru enn að breytast og í stöðugri þróun. Á atvinnumarkaðnum er enn meir en áður kallað eftir góðum undirbúningi fyrir atvinnulífið, m.a. færni í að starfa í hóp, að geta tjáð sig og átt góð samskipti. Nú er mikið lagt uppúr vinnustöðvum fyrir nemendur sem eru vel útbúnar tæknilega. Virkni og nýting á bókasöfnum er í mikilli endurskoðun. Mikilvægt er að kennarar hitti nemendur, en þeir þurfa líka að vera virkir í „online“ samskiptum við nemendur. Reynt er innan skólanna og á hinum rafræna markaði að spá fyrir um atvinnulíf framtíðarinnar, hvernig vinnustaðir framtíðarinnar verða. Rektor fer yfir atriði sem komu fram á fundi sem var haldinn 19. janúar sl. á Bifröst með nemendum og starfsfólki. Punktur frá fundinum hafa verið sendir til stjórnarinnar. Þar er m.a. óskað eftir umbótum hvað varðar aðstöðu fyrir fjölskyldur, opnunartíma verslunar, skipulagningu tólmundastarfs fyrir börn og unglinga. Nemendafélagið óskar eftir að fá

félagsaðstöðu í lðuvöllum, bæta þurfi ræktina og herbergi í Helvíti 5. Gera þurfi átak vegna námsaðstöðu nemenda, s.s. vinnustöðvar fyrir nemendur vítt um svæðið. Rektor telur að setja þurfi upp námsstöðvar sem víðast um skólann. Það verði 4 – 10 manna starfsstöðvar sem eru tæknilega vel útbúnar fyrir nemendur til að vinna saman. Átak vegna kerfa innan skólans, ljóst er að skipta þurfi t.d. um nemendaskrárkerfi. Endurnýja þurfi kennslukerfi á næstu 2 -3 árum. Gæta þess að vera ávallt fremst í flokki þar. Þörf er á að bæta við kostnaðarmati á því hvað nýtt nemendaskrárkerfi myndi kosta og innleiðing á slíku kerfi.

9. Önnur mál

- a) Kennslustjóri segir frá að frá og með 1. mars nk. verði breyting á þjónustu bókasafnsins þannig að það verði opið frá kl. 9.00 eins og verið hefur, en aðstoð og þjónusta vegna heimildaleitar og útlána verði kl. 13.00 – 16.00.
- b) Kennslustjóri upplýsir að í lotu 2 séu færri en 6 nemendur í staðnámi í tveimur námskeiðum og verði gerðar ráðstafanir vegna tímafjölda í kennslu í staðnámi í þeim námskeiðum.

Fundi slitið kl. 17.05

Fundarritari: Sigrún Jónsdóttir, framkvæmdastjóri kennslu og þjónustu

Fundargerð samþykkt 3. apríl 2017.